

132. fundur

Fundur var haldinn í skipulags- og byggingarnefnd Stykkishólmsbæjar mánudaginn 18. október 2010, kl. 20:00 á 3. hæð ráðhússins, Hafnargötu 3.

Mætt voru: Hermundur Pálsson, Hinrik Hjartarson, Lára Gunnarsdóttir, Katrín Gísladóttir og Ásgeir Gunnar Jónsson. Auk þess sátu fundinn Gyða Steinsdóttir bæjarstjóri, Þorbergur Bæringsson slökkviliðsstjóri og Bjarnfríður Vilhjálmisdóttir skipulags- og byggingarfulltrúi sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stýrði.

Dagskrá.

1. Þinghúshöfði, deiliskipulag.
Lögð fram að nýju deiliskipulagstillaga af Þinghúshöfða mótt. 15.10. 2010.
Farið yfir tillögur frá deiliskipulagshöfundum og byggingarfulltrúa falið að koma athugasemdum til deiliskipulagshöfunda.
2. Reitarvegur 5, breytingar úti og inni.
Sigurður Ág. Kristjánsson og Kristján Sigurðsson sækja um að fjölga hurðum og gluggum og hliðum hússins og hólfa byggingu í 3 einingar, sbr. teikningar frá Sigurði Ág. Kristjánssyni dags 17.09.2010.
Erindi samþykkt að uppfylltum skilyrðum.
3. Silfurgata 36, gróðurhús.
Sesselja Pálsdóttir sækir um að staðsetja gróðurhús á lóðinni vestan við húsið, sbr. umsókn dags 14.10.2010.
Erindi samþykkt.
Þorbergur vék af fundi við lið nr. 3.
4. Höfðagata 11, breyta íbúðarhúsnæði í atvinnuhúsnæði (gistiskála).
F.h. Gistivers ehf/ sækir Birna E. Sigurðardóttir um að breyta einbýlishúsi að Höfðagötu 11 í gistiskála sbr. umsókn dags 14.07. '10. Erindið var grenndarkynnt fyrir eigendum húsa höfðagötu 9, 9a, 13, 15 og nr. 16.
Athugasemd barst frá Sverri Kristjánssyni, Höfðagötu 9, dags. 22.07.2010.
Lagt er til að erindi verði samþykkt með fyrirvara á að björgunarop verði í samræmi við byggingarreglugerð og að björgunarop í íbúð (áður bílskúr) verði staðsett á suðausturhlið hússins. Eigendur hafa orðið við kröfum um lágmarksfjölda bílastæða á lóð.

Þorbergur vék af fundi kl 21:00.

5. Frístundabyggð, deiliskipulag.
Bæjarráð leggur til að skipulagt verði svæði fyrir frístundahús, til almennrar úthlutunar við Arnarborg norðaustan við það svæði sem Skipavík hefur til umráða. Tillögu vísað af bæjarráði til skipulags- og bygginganefndar.
Erindi frestað.
6. Gámageymsla, staðsetning.
Lögð fram tillaga að staðsetningu á svæði fyrir geymslu á gámum dags.
18.10.'10.
Nefndin tekur jákvætt í að staðsetja gámasvæði vestur af Snoppu.
7. Önnur mál.
Rætt var um umferðaspegla og hraðahindranir. Nefndin leggur til að gerð verði úttekt á umferðaröryggi í bænum.

B.V.